

2. fundur stjórnar AP, starfsárið 2014-2015

haldinn að Garðarsbraut 5 á Húsavík þriðjudaginn 11. nóvember 2014 kl. 13:00

Mætt: Haraldur Bóasson, Hilma Steinarsdóttir, Sif Jóhannesdóttir og Yngvi Ragnar Kristjánsson. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

1. Starfsemi félagsins – verkefni og ytri aðstæður - umræða

Framkvæmdastjóri fór yfir skilgreiningar á starfsemi félagsins eins og þær birtast í samþykktum og samningum við Byggingastofnun og sveitarfélögin. Þá gerði hann grein fyrir helstu verkefnum félagsins að undanfögnu.

Nokkur umræða varð um stöðu félagsins og skipulag þeirra málaflokka sem á starfssviði þess eru. Í ljósi þeirrar áherslu sem ríkisvaldið leggur á að efla landshlutasamtök sveitarfélaga á sviði atvinnu- og byggðamála, er nauðsynlegt að stjórnendur og eigendur félagsins marki sér stefnu um framtíðarhlutverk og form félagsins og þeirrar starfsemi sem það hefur sinnt.

Stjórnarmenn sammála um að þau verkefni sem rekin hafa verið á vegum félagsins, þ.m.t. vaxtarsamningur, verði áfram rekin á sömu forsendum og markist af starfssvæði þess.

2. Rekstrar- og starfsáætlun 2015

Lögð fram rekstraráætlun 2015 sem gerir ráð fyrir óbreyttu umfangi í starfsemi félagsins frá yfirstandandi ári. Tekjur eru áætlaðar 33,4 mkr. og rekstrargjöld 32,9 mkr. Fjármagnsliðir eru áætlaðir jákvæðir um 0,4 mkr. og rekstrarafgangur því 0,9 mkr. Í ljósi ákveðinnar óvissu varðandi ytra umhverfi félagsins á næsta ári og þar með einstök verkefni er afgreiðslu starfsáætlunar frestað þar til í ársbyrjun 2015.

Að umræðu lokinni var rekstraráætlun ársins samþykkt.

3. Staðfesting á afsali forkaupsréttar í MýSköpun ehf.

Stjórnin staðfesti afsal forkaupsréttar vegna færslu á hlutafé Mannvits hf. í MýSköpun ehf. í eignarhaldsfélag sitt, Brunn ehf. sem er í 100% eigu Mannvits hf. Stjórnarmenn höfðu áður samþykkt umrætt afsal í tölvupósti.

4. Þátttaka í NPA verkefninu BofRa

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir umsókn og lagði fram minnisblað um verkefnið sem lýtur að kortlagningu möguleika á nýtingu og vinnslu líforku í landbúnaði á norðurslóðum ásamt stefnumótun í málafloknum. Verkefnið getur m.a. nýst vegna stefnumótunar um nýtingu lífmassa í almennu heimilissorpi sem sveitarfélögin standa frammi fyrir. Framlag AP er á sviði upplýsingaöflunar og þátttöku í stefnumótunarvinnu og felst í vinnuframlagi en verkefnistími er frá mars 2015 til janúar 2018.

Stjórnin samþykkir þátttöku í umsókninni / verkefninu á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

5. Samstarfssamningur um orkunýtingarverkefni

Fyrri stjórn hafði samþykkt þátttöku félagsins í samstarfssamningi með Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Landsvirkjun, Norðurþingi, Skútustaðahreppi og

Þingeyjarsveit sem hefur það að markmiði að efla nýtingu þeirra orkustrauma sem m.a. munu verða aðgengilegir í tengslum við virkjun háhitasvæðanna í sýslunni.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu málsins, m.a. því að fyrir dyrum stendur vinnufundur aðila þar sem ætlunin er að skilgreina fyrstu verkefnið sem ráðist verður í þegar samningurinn hefur verið undirritaður, sem ráðgert er að geti orðið fyrir árslok.

6. Starfsemi NMÍ á svæðinu - FabLab

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir mögulegum breytingum á starfsemi NMÍ á Húsavík og hugmyndum þess efnis að fá NMÍ til samstarfs um rekstur stafrænnar smiðju, betur þekkt sem FabLab.

Stjórnin leggur áherslu á að NMÍ haldi úti þeim tveimur stöðugildum á svæðinu sem grunnur var lagður að með skýrslu svokallaðrar Norðausturnefndar.

7. Drög að matsáætlunum vegna vegagerðar og lagningar háspennulína um Sprengisand

Framkvæmdaaðilar, Landsnet og Vegagerðin hafa kynnt drög að matsáætlunum vegna vegagerðar og lagningar háspennulína um Sprengisand og kynntu þessi áform m.a. í opnu húsi í Ljósveitingabúð 4. nóv. sl.

Stjórn Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga fagnar því að framkvæmdaaðilar, Landsnet og Vegagerðin skuli leggja fram drög að matsáætlunum þessara tveggja stórframkvæmda samhliða. Með því að vinna umhverfismat framkvæmdanna samhliða verður unnt að leggja mat á allar hliðar framkvæmdanna heildstætt ásamt því að haga þeim þannig að heildarumhverfisáhrif þeirra verði lágörkuð.

Að mati stjórnarinnar er hér um að ræða mikilvægar framkvæmdir sem hafa munu veruleg áhrif á samkeppnishæfni atvinnulífs á Norður- og Austurlandi. Samtenging stærstu framleiðslueininga orkukerfisins og stærstu notenda mun auka afhendingaröryggi og nýtingu í kerfinu. Sú útfærsla sem kynnt er lágmarkar flutningsleiðir raforkunnar og þar með stofnkostnað og flutningstöp. Nútíma vegtenging milli Norður- og Suðurlands mun gerbreyta þróunarmöguleikum ferðaþjónustunnar og skapa forsendur fyrir frekari vöruþróun og stuðla að einu megin markmiði opinberrar stefnumótunar í greininni, sem er að ferðamenn dreifist betur um landið. Vegur á þessum slóðum mun liggja við jaðar Vatnajökulsþjóðgarðs og skapa gott aðgengi að honum án þess að leggja þurfi stofnvegi um hann sjálfan.

Á þessu stigi málsins telur stjórnin ekki unnt að taka afstöðu til einstakra þátta varðandi framkvæmdirnar, s.s. útfærslur á línunum og vegi, en áskilur sér rétt til þess síðar í matsferlinu.

8. Önnur mál

Ekkert bókað undir þessum lið.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:34